

TILLÖGUR

Aðalfundur
23. mars 2017

Tillögur til aðalfundar Íslandsbanka hf.

sem fram fer í Hörpu, fimmtudaginn 23. mars 2017, kl. 15:00

1. Tillaga um greiðslu arðs og ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2016

Stjórn bankans leggur til að 10 milljarðar króna af hagnaði ársins 2016 verði greiddar í arð til hluthafa. Arðgreiðslan nemur tæplega 50% af hagnaði ársins 2016 og er því í samræmi við langtímastefnu bankans um 40-50% arðgreiðsluhlutfall. Stjórn bankans má kalla til sérstaks hluthafafundar síðar á árinu þar sem tillaga um greiðslu arðs af hagnaði fyrri rekstrarára kann að vera lögð fram.

2. Kosning stjórnar bankans

Fyrir aðalfundi bankans liggur tillaga hluthafa um að eftirtaldir einstaklingar verði kjörnir aðal- og varamenn í stjórn Íslandsbanka hf. fram til næsta aðalfundar.

Aðalmenn:

Friðrik Sophusson
Anna Þórðardóttir
Auður Finnbogadóttir
Árni Stefánsson
Hallgrímur Snorrason
Heiðrún Jónsdóttir
Helga Valfells

Varamenn:

Herdís Gunnarsdóttir
Pálmi Kristinsson

Jafnframt er lagt til að Friðrik Sophusson verði kjörinn formaður stjórnar.

3. Kosning endurskoðenda bankans

Stjórn bankans leggur til að Ernst & Young verði kjörið endurskoðunarfélag bankans.

4. Tillaga um þóknun til stjórnar fyrir næsta kjörtímabil

Stjórn bankans leggur til að aðalfundur Íslandsbanka samþykki að þóknun til stjórnarmanna verði kr. 400.000 á mánuði, þóknun til stjórnarformanns verði kr. 700.000 á mánuði og þóknun til varaformanns verði kr. 500.000. Því til viðbótar skuli greiða stjórnarmönnum kr. 200.000 á mánuði fyrir þátttöku í starfi undirnefnda stjórnar en auk þess fái formenn undirnefnda stjórnar greiddar kr. 25.000 á mánuði.

Þóknun til varamanns í stjórn verði kr. 200.000 fyrir hvern setinn stjórnarfund eða fund með Fjármálaeftirlitinu um hæfismat en þó aldrei hærra en þóknun aðalmanns innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal nema að lágmarki kr. 400.000 á ári.

5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans

Lagt er til að aðalfundur samþykki starfskjarastefnu bankans samkvæmt framlagðri tillögu.

6. Önnur mál

Engin